

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um birtingu gagna.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hvenær fór fram mat á því hvort efni skýrslu um eignir Íslendinga á afgangssvæðum varðaði almannahag, sem bæri þá að birta samkvæmt siðareglum ráðherra?
2. Hver var niðurstaða þess mats?
3. Ef það mat fór fram ekki síðar en í október árið 2016 og niðurstaða matsins var sú að efni skýrslunnar varðaði almannahag, hvers vegna var skýrslan ekki gefin út samtundis?
4. Hvaða verklagsreglur gilda um birtingu gagna sem fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur og varða almannahag, með tilliti til 6. gr. siðareglna ráðherra?

Skriflegt svar óskast.